

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 113/2009

frá 22. október 2009

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 103/2009 frá 25. september 2009 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 540/2009 frá 22. júní 2009 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1450/2004 um gerð og þróun hagskýrslna Bandalagsins um nýjungar ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 31. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1450/2004) í XXI. viðauka við samninginn:

„– **32009 R 0540**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 540/2009 frá 22. júní 2009 (Stjtið. ESB L 160, 23.6.2009, bls. 8).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 540/2009, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 23. október 2009 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 304, 19.11.2009, bls. 21, og EES-viðbæti við Stjtið. ESB nr. 61, 19.11.2009, bls. 16.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 160, 23.6.2009, bls. 8.

(*) **Engin stjórnskipuleg** skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 22. október 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
O.H. Sletnes
formaður.